



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ársskýrsla
Náttúrustofu Austurlands
1997

Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 1997

Náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað

Uppbygging Náttúrustofa

Náttúrustofa Austurlands tók til starfa sumarið 1995 og er því búin að ljúka tveimur starfsárum. Þetta er fyrsta náttúrustofan sem starfar skv. lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (60/ 1992). Á Suðurlandi og á Vestfjörðum hafa náttúrustofur nú tekið til starfa og brátt bætast í hópinn stofur á Vesturlandi og á Norðurlandi vestra. Þeim er ætlað sams konar hlutverk, hverri í sínum landshluta. Sveitarfélögin eiga og reka náttúrustofurnar en ríkið leggur til allt að helming stofnkostnaðar og greiðir laun forstöðumanns. Hlutverk náttúrustofa er víðtækt á sviði náttúrufræða eða eins og segir í reglugerð um Náttúrustofu Austurlands:- Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Austurlands.- Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Austurland og sérstöðu náttúru þess.- Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Austurlandi.- Að veita fræðslu um náttúruna og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Austurlandi.- Að veita Neskaupstað og öðrum sveitarfélögum á Austurlandi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda enda komi greiðsla fyrir. Náttúrustofu Austurlands er ætlað að þjóna öllu Austurlandi. Neskaupstaður er þó eina sveitarfélagið á Austurlandi sem stendur að rekstrinum.

Húsnæði, tæki og búnaður

Við upphaf starfsemi Náttúrustofu Austurlands fyrir tveimur árum var ákveðið að stofan og útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (RF) í Neskaupstað færu undir sama þak. Af ýmsum ástæðum hefur tekið lengri tíma en nokkurn óraði fyrir að fá húsnæði og er ekki enn endanlega frá því gengið þótt nú hilli undir lausn. Stofan er því enn í bráðabirgðahúsnæði því er skotið var yfir hana í upphafi. Vinnuástaða við ýmsa rannsóknavinnu er þar ófullnægjandi og það vantar tæki sem nauðsynleg eru, bæði við almennt skrifstofuhald og rannsóknavinnu. Upphaflega var ákveðið að halda að sér höndum við kaup á búnaði til Stofunnar þar til sambýlið við RF kæmist á og hægt væri að meta hvaða stofnanirnar gætu samnýtt, enda talið að um skamman tíma væri að ræða. Húsnæðisvandinn er einnig ein orsök þess að enn hefur ekki verið gert verulegt átak í að safna heimildum um náttúru Austurlands. Stofan hefur áhuga á að koma sér upp safni af skýrslum og skrifum sem fjalla um náttúru Austurlands, landnýtingu og náttúru- og umhverfisvernd í fjórðungnum. Einnig þarf hún að eignast meira af ýmsum almennum náttúrufræðiritum.

Verkefni og rekstur

Hlutverk stofunnar er víðtækt og hluti af stafseminni er gjaldhæfur þ.e. ýmsar þjónusturannsóknir. Það eru einkum rannsóknir og úttektir sem fyrirtæki og sveitarfélög þurfa á að halda og kaupa af Stofunni. Aðrir þættir hins lögbundna hlutverks eru ekki þess eðlis að þeir afli tekna, t.d. söfnun og varðveisla gagna og heimilda um náttúru landshlutans og ýmsar fræðilegar rannsóknir sem þarft er að vinna að. Grundvallaratriði er að Náttúrustofan geti byggt upp þekkingu, og það er meginskilyrði fyrir því að hún öðlist burði til að taka að sér fjölbreytt verkefni og verði samkeppnisfær sem fræðistofnun. Þjónustuverkefni eru megin uppistaðan í því sem unnið hefur verið hjá Náttúrustofu Austurlands hingað til, bæði náttúrufarskannanir vegna mats á umhverfisáhrifum og á sviði fræðslu. Ekki hefur verið nægilega mikið unnið í gagnasöfnun um náttúru Austurlands og rannsóknir af fræðilegum toga eru enn litlar. Stofan hefur nokkrar tekjur af þjónustuverkefnum en slík verkefni eru kostnaðarsöm og þess ekki að vænta að þau standi undir öðrum rekstri stofunnar. Þau auka hins vegar umsvifin, hvað varðar fjölbreytni verkefna, rekstrarfé og starfslíð, og styrkja þannig allt starf Stofunnar. Það hefur reynst erfitt að gera raunhæfar áætlanir um rekstur og starfslíð, m.a. vegna þess að mörg gjaldhæf verkefni koma með afar stuttum fyrirvara, einkum minni verkefni, og að fast rekstrarfé er lítið. Þetta leiddi til þess að Stofan gat ekki sinnt öllum þeim verkefnum sem á fjörurnar rak sl. sumar, vegna þess að það skorti starfslíð. Hér á eftir fer skrá yfir helstu verkefni sem unnin hafa verið sl. vetur og í sumar. Getið er um, í sviga, hverjir hafa lagt fé til verkefnanna. Fræðsluverkefni- Fræðslustígur í fólkvangi Neskaupstaðar (Neskaupstaður).- Upplýsingabæklingur um Fólkvang Neskaupstaðar í samvinnu við Steinþór Þórðarson hjá vikublaðinu Austurlandi sem sá um hönnun og prentun (Neskaupstaður). Rannsóknaverkefni- Rannsóknir á hreindýrabeit í eyðibygðum á Gerpissvæðinu (Neskaupstaður). - Könnun á endurvexti fjallgrasa eftir tínslu á Jökuldalsheiði, langtímaverkefni (Náttúrustofan og fyrirhugað er að sækja um rannsóknastyrk til verksins). Umhverfisrannsóknir vegna framkvæmda- Könnun á lífríki Fossárvíkur í Berufirði (Vegagerð ríkisins).- Rannsóknir á gróðurfari og dýralífi í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað og í Bjólfinum við Seyðisfjörð, vegna mats á umhverfisáhrifum af fyrirhuguðum snjóflóðavörnum (Ofanflóðasjóður, Neskaupstaður og Seyðisfjörður). Ýmis verkefni sem Náttúrustofan vinnur að og eru kostuð af stofunni sjálfri (þ.e. rekstraraðila) að mestu- Söfnun heimilda um náttúru Austurlands - Fyrirlestrar í skólum og skólaheimsóknir- Þjónusta við almenning varðandi greiningar á náttúrufyrirbærum og upplýsingar um náttúrufræði og náttúruverndarmál. Náttúrustofan tók einnig þátt í gróðurkortagerð á Fljótsdalshéraði með Náttúrufræðistofnun Íslands (Náttúrustofan og Náttúrufræðistofnun Íslands). Auk þess tók forstöðumaður þátt í ýmsum fundum, nefndarstörfum og ráðstefnum á sviði náttúrufraeða og náttúruverndarmála. Á síðastliðnum vetri kom fram tillaga um að flytja hreindýrarannsóknir til Náttúrustofu Austurlands. Til að af því geti orðið þarf að breyta lögum um vernd, veiðar og friðun á villtum fuglum og villtum spendýrum (64/1994). Þegar þetta er skrifað er ekki vitað annað en að sú breytingartillaga verði lögð fram á Alþingi nú í vetur. Auðvitað skiptir Náttúrustofuna miklu máli að fá slíkt hlutverk, það gæfi stafseminni aukna kjölfestu og möguleika á að fá dýrafræðing til starfa.

Starfsfólk

Einungis einn fastur starfsmaður er við Náttúrustofuna, forstöðumaður sem sinnir þar öllum daglegum störfum. Auk forstöðumanns hafa nokkrir lagt hönd á plóginn í einstökum verkefnum á árinu. Skarphéðinn G. Þórisson og Halldór W. Stefánsson rannsökuðu fuglalíf í fjallinu ofan við Neskaupstað og í Bjólfinum við Seyðisfjörð vegna mats á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna. Gunnar Ólafsson og Karólína Einarsdóttir aðstoðuðu við vettvangsrannsóknir í Fossárvík í Berufirði vegna mats á umhverfisáhrifum af vegagerð. Ína Gísladóttir og Kristbjörn Egilsson aðstoðuðu við vettvangsrannsóknir í Sandvík og Viðfirði vegna hreindýrabeitar. Miðað við verkefni sl. árs er ljóst að bæta þyrfti við starfsmanni til að geta sinnt öllum þeim þjónustuverkefnum sem upp koma og jafnframt einhverri fræðilegri uppbyggingu.

Samstarf náttúrustofanna

Samkvæmt lögum eiga forstöðumenn náttúrustofa að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á sl. vetri hittust forstöðumenn starfandi náttúrustofa til þess, en einnig til almennara skrafs og ráðagerða. Ákveðið var að koma á samstarfsvettvangi náttúrustofanna. Hugmyndir eru um samstarf bæði varðandi samræmt átak til að treysta hlutverk og sess náttúrustofa og faglegt samstarfi. Saman hafa náttúrustofurnar yfir að ráða fjölbreyttu og vel menntuðu sérfræðingaliði. Samstarfið gæti því gert stofunum kleift að takast á við stærri og fjölbreyttari verkefni en þær eru færar um hver í sínu lagi. Samstarfið verður væntanlega þróað áfram á komandi vetri.

Guðrún Á. Jónsdóttir

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Fjarðabyggð • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Míðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: skarphedinn@na.is